

# HÚSÖNDIN

44.tbl. 1.árg.  
19.des. 2018

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com  
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

Sími:  
3492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 20.-31. DESEMBER

20.12 *Jan Muzik*

21.12 *Sigurður Guðbrandsson*

22.12 *Krzysztof Lukasz Soja*

23.12 *Lukasz Adam Wasowicz*

24.12 *Jónas Pétur Pétursson*

25.12 *Agnes Einarsdóttir*

26.12 *Hrönn Björnsdóttir, Hörður Halldórsson*

29.12 *Jakob Stefánsson, Pétur Snæbjörnsson*

*Gleðilega hátíð*

Sendum Mývetningum  
og landsmönnum öllum bestu óskir um  
gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Með þökkum fyrir samskiptin  
á árinu sem er að liða

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps



# VISSIR ÞÚ

AÐ

# EIMUR

ER SAMSTARFSVERKEFNI ORKUFYRIRTÆKJA  
OG SVEITARFÉLAGA UM BÆTTA NÝTINGU  
NÁTTÚRUAUÐLINDA Á NORÐAUSTURLANDI?

## MARKMIÐ EIMS:



MINNA Á MIKILVÆGI  
AUÐLINDANNA



STYRKJA ORKUNÝSKÖPUN OG  
FJÖLNÝTINGU



AUKA SJÁLFBÆRNI MEÐ  
ÞVERFAGLEGRI SAMVINNU



MARKAÐSETJA NORÐAUSTURLAND SEM  
UMHVERFISVÆNT JARÐHITASVÆÐI



STYÐA VIÐ RANNSÓKNIR OG  
ÞEKkingarsköpun



GREINA OG KORTLEGGJA TÆKIFÆRI



[www.eimur.is](http://www.eimur.is)



[facebook.com/eimurNA](https://facebook.com/eimurNA)



[instagram.com/eimur\\_iceland](https://instagram.com/eimur_iceland)

# EIMUR



Kæru sveitungar  
Gleðileg jól og gott og farsælt komandi ár.  
Þökkum viðskiptin og ánægjulegar stundir á  
árinu sem er að líða.  
Snow Dogs og fjölskyldan Heiði



Kæru Mývetningar og aðrir velunnarar.  
Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á  
komandi ári.  
Þökkum samstarf og samverustundir á líðandi ári.  
Lifið heil  
Mýflug hf og fjölskyldan í Hraunborg



### Jólakveðja

Starfsfólk Reykjahlíðarskóla sendir nemendum,  
foreldrum og öllum öðrum Mývetningum  
hugheilar jólakveðjur með von um farsæld á nýju ári.  
Þökkum allt gamalt og gott.

# Breytingar hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar



Um áramót lætur Bjarni Reykjalín af störfum sem skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Hann mun hins vegar starfa áfram til næsta vors í sérverkefnum, m.a. í endurskoðun aðalskiplags beggja sveitarfélaga. Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit stefna að því að halda áfram samstarfi sínu í skipulags- og byggingarmálum. Guðjón Vésteinsson er starfandi skipulagsfulltrúi í Skútustaðahreppi og frá og með áramótum mun Helga Sveinbjörnsdóttir gegna starfi byggingarfulltrúa í Þingeyjarsveit. Guðjón og Helga munu í samstarfi vinna fyrir bæði sveitarfélögin samkvæmt samstarfssamningi milli sveitarfélaganna. Næsta haust mun þetta fyrirkomulag svo verða endurskoðað.

Frá 1. janúar 2019 verður fyrirkomulagið með eftirfarandi hætti:  
Erindi til Þingeyjarsveitar vegna skipulags- og byggingarmála skal senda á [helga@thingeyjarsveit.is](mailto:helga@thingeyjarsveit.is)  
Erindi til Skútustaðahrepps vegna skipulags- og byggingarmála skal senda á [gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)

**Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit**

## Hreppsskrifstofan lokuð milli jóla og nýárs



Athygli er vakin á því að hreppsskrifstofa Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6 verður lokuð á milli jóla- og nýárs. Hreppsskrifstofan opnar á nýju ári, miðvikudaginn 2. janúar 2019, kl. 9.

Starfsfólks hreppsskrifstofu óskar Mývetningun nær og fjær gleðilegra jóla og þakkar ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

**Hreppsskrifstofa Skútustaðahrepps**



# Héraðssamband Þingeyinga

Sendir öllum Þingeyingum bestu jóla- og nýárs-  
kveðjur með kærri þökk fyrir stuðning, samstarf  
og sjálfboðaliðastarf á árinu.



Vonumst til að árið 2019 færi okkur öllum  
gæfu til frekari afreka, gleði- og  
ánægjustunda í formi fjölbreyttrar  
hreyfingar.



## Jólaball Kvenfélags Mývatnssveitar og Skútustaðahrepps

verður laugardaginn 29. desember og  
hefst kl 14:30 stundvíslega í Skjóllbrekku.

Komum og dönsum og syngjum saman  
bæði börn og fullorðnir  
Ætli einhverjir jólasveinar láti sjá sig og dansi með?  
Nefndin



Við sem stöndum að Velferðasjóði Þingeyinga verðum sífellt að annast og viðhalda sjóðnum, þessu barni okkar, samfélaginu í heild til heilla og þá sérstaklega handa þeim sem minna mega sín. Það fer um milljón út á hverju ári úr sjóðnum og því ljóst að hann þarf sífellt að halda sér við svo að hann geti sinnt hlutverki sínu sómasamlega. Núna er sjóðurinn að nálgast milljón, svo að ljóst er að við verðum að bretta upp ermar. Sjóðurinn hefur engar aðrar tekjur en þær sem velunnarar sjóðsins ljá honum og því þarf að halda á spöðunum. Allt starf við sjóðinn er unnið í sjálfboðavinnu og kauplaust. Allt fé sem inn kemur rennur til samfélags okkar því til heilla.

Þeir sem vilja leggja þessu góða máli, sjóðnum lið, geta lagt inn á bankareikning sjóðsins í Sparisjóði S-Þing: 1110-05-402610 og kennitalan er 600410-0670

Aðstandendur sjóðsins þakka af alhug öllum þeim fyrirtækjum, einstaklingum félögum og stofnunum sem hafa lagt sjóðnum lið á undanförunum árum. Án ykkar aðstoðar gengi þetta ekki. Hafið þökk fyrir hlýhug í garð sjóðsins í gegnum tíðina.

Megið þið öll eiga gleðilega aðventu og jól.

Fyrir hönd Velferðasjóðs Þingeyinga  
sr.Örnólfur Jóhannes Ólafsson á Skútustöðum í Mývatnssveit

## Laust starf

Laust er til umsóknar starf við ræstingar hjá Sparisjóði Suður – Þingeyinga í Mývatnssveit.

Um 15% starfshlutfall er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf strax í upphafi nýs árs.

Laun skv. kjarasamningum Framsýnar stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað í afgreiðslu sparisjóðsins að Helluhrauni 3, fyrir 28. desember n.k.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðrún María.



Óskum öllum  
vinum og ættingjum  
Gleðilegra jóla  
Og farsældar á nýju ári  
Hittumst hress

Hermann og Anna Geirlaug  
Fellshlíð



Kæru lesendur og viðskiptavinir

Húsöndin verður í fríu yfir hátíðirnar. Næsti  
útgáfudagur er 9.janúar og skilafrestur  
auglýsinga er til kl 14 þriðjudaginn 8.janúar.  
Ég sendi ykkur mínar bestu óskir um gleðileg  
jól og gott og farsælt komandi ár.  
Bestu þakkir fyrir ánægjuleg samskipti og  
viðskipti á árinu sem er að líða

Kær jólakveðja  
Arnþrúður



Kæru Mývetningar!

Við sendum ykkur, okkar bestu jóla og nýársóskir  
með þakklæti fyrir allt það liðna.  
Lovísa og fjölskylda Álftagerði 1.

The logo for Myvatn Nature Baths features a stylized white silhouette of a mountain range with a lake in the foreground, set against a solid black rectangular background.

# MYVATN NATURE BATHS

Kæru Mývetningar

Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða

Jólaeveðjur starfsfólk Jarðbaðanna


Minum á opnuntíma um hátíðarnar

(24. - 25. Des): 12:00 – 15:00

(26. - 30. Des): 12:00 - 20:00

(31. Des): 12:00 - 15:00

1.Jan : lokað

The bottom half of the page is decorated with various stylized snowflake patterns. These patterns are composed of thin lines and small circles, creating a geometric, crystalline appearance. The colors used are shades of grey, yellow, and light beige, set against a white background.





## Opnunartími íþróttamiðstöðvar Skútustaðahreppur um jól og áramót

### Lykilkort - Lengri opnunartími:

Hægt er að kaupa LYKILKORT til þess að komast í líkamsræktina utan hefðbundins opnunartíma. Lykilkortið veitir aðgang að líkamsræktinni frá kl. 5.30 á morgnana og til kl. 23.00 (hægt að vera í ræktinni til miðnætis). Með þessu móti er vinnandi fólki, ekki síst þeim sem eru í vaktavinnu, gert auðveldara að sinna líkamsrækt áður en vinna hefst eða að loknum vinnudegi.

Lykilkortið kostar 3.000 kr. en þegar korti er skilað aftur fást 2.000 kr. endurgreiddar.

Opnunartími um hátíðarnar fyrir þá sem eru ekki með Lykilkort:

<b>23. des Þorláksmessa</b>	<b>Lokað</b>
<b>24. des. Aðfangadagur</b>	<b>Kl. 9:00 – 12:00</b>
<b>25. des. Jóladagur</b>	<b>Lokað</b>
<b>26. des. Annar í jólum</b>	<b>Lokað</b>
<b>27. des Fimmtudagur</b>	<b>Kl. 9:00 – 20:00</b>
<b>28. des. Föstudagur</b>	<b>Lokað</b>
<b>29. des. Laugardagur</b>	<b>Kl. 10:00 – 16:00</b>
<b>30. des. Sunnudagur</b>	<b>Lokað</b>
<b>31. des. Gamlársdagur</b>	<b>Kl. 9:00 – 12:00</b>
<b>1. jan. Nýársdagur</b>	<b>Lokað</b>
<b>2. jan. Miðvikudagur</b>	<b>Kl. 9:00 – 20:00</b>

Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Íþróttamiðstöðvar Skútustaðahrepps



Kæru vinir og sveitungar,  
óskum ykkur gleðilegra jóla, farsældar  
og friðar á komandi ári.  
Þökkum góðar stundir.  
Egill, Dagbjört, Halldóra, Helga Guðrún  
og Margrét Hildur.



Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Norðurlands  
óskar skjólstæðingum og landsmönnum öllum g  
leðilegra jóla og farsældar á komandi ári  
með þökk fyrir samskiptin á árinu.



Óskum ykkur öllum gleðilegrar jólahátíðar  
og farsældar á nýju ári. Kærar þakkir fyrir árið  
sem er að líða og góðar kveðjur til ykkar.  
Örnólfur, Fríða, Dóróthea og Ólöf.



Okkar bestu óskir um gleðileg jól,  
gott og farsælt komandi ár  
með þökk fyrir liðnu árin.

Bergþóra og Ásta Kristín



## Jólabingó Mývetnings

Föstudagskvöldið 21. desember næstkomandi ætlar Mývetningur að halda sitt árlega jólabingó í Reykjarhlíðarskóla kl. 20:00. Spjaldið kostar 500 kr og 250 kr í hléi. Enginn posi er á staðnum. Sjoppa nemendafélagsins verður opin að venju. Allir velkomnir og hlökkum til að sjá ykkur.

Stjórn Mývetnings





## Guðsþjónustur um hátíðarnar

Sameiginleg Hátíðarguðsþjónusta sóknanna verður  
í Reykjahlíðarkirkju 26. desember, annan jóladag klukkan 14:00

1. janúar 2019 Nýársdagur.

Hátíðarguðsþjónusta í Skútustaðakirkju klukkan 14:00

Eftir guðsþjónustuna á Nýársdag þætti okkur vænt um ef þið gætuð  
litið inn í Prestshús og þegið hjá okkur kaffisopa.

Kirkjukórarnir syngja við guðsþjónusturnar undir stjórn Ilona Laido  
sem auk þess er organisti.

Óska ykkur gleðilegra jóla!  
sr. Örnólfur

Kæru sveitungar og vinir.

Um leið og ég óska ykkur gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Langar mig að segja ykkur að þau forréttindi eru mér að hlotnast,  
að verða 60 ára.

Í tilefni af því ætla ég að hafa opið hús í Baldursheimi  
29. des. eftir kl: 20:00.

Vonandi sjáið þið ykkur fært að samgleðjast mér.

Agnes í Baldursheimi.



# FLUGELDAR FLUGELDAR



## Flugeldasala

Flugeldasala verður í Björgunarstöðinni að Múlavegi 2,  
sem hér segir:

**29. desember frá kl. 16:00 – 22:00.**

**30. desember frá kl. 16:00 – 22:00.**

**31. des. gamlársgagn, frá kl. 10:00 – 15:00.**

Upplýsingar í síma 894 7744.

Einnig verður flugeldasala á þrettándanum

**6. janúar frá kl. 15:00 - 17:00.**

## Flugeldasýning og áramótabrenna

Flugeldasýning og áramótabrenna verður í nágrenni Jarðbaðanna  
á gamlársgagnskvöld kl. 21:00.

Um leið og við þökkum stuðninginn á liðnum árum,  
viljum við óska öllum Mývetningum, gleðilegra og slysalausra  
jóla og áramóta og farsældar á nýju ári.

Með jólakveðju,  
Björgunarsveitin Stefán,



Skötu- og saltfisksveisla í Kaffi Borgum  
frá kl 12:00 til 13:30 á Þorláksmessu, 23.des.

Verð er 2300 kr á mann.

Þægilegt væri að fá borð pantanir í síma 6624748.

Gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.

Kaffi Borgir og Mývatnsmarkaður

## **Kæru Mývetningar og aðrir velunnarar.**

**Jón Ingi Hinriksson ehf óskar Mývetningum og nærsveitungum**

**gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.**

**Við þökkum góðar viðtökur eftir að við hófum rekstur að Múlavegi 1.**

Með kærri jólakveðju,

Jón Ingi Hinriksson ehf og Mývatn Car Rental

Jón Ingi og Hrafnhildur.

